

S A M Þ Y K K T

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað,
nr. 80 17. desember 1928.

1. gr.

49. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hámarkshraði bifreiða og annarra ökutækja er 45 km á klst. Reglur þessar gilda þó ekki um umferð á Reykjanesbraut og Krísvíkurvegi.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919 um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.

22. desember 1976.

Nr. 445.

R E G L U R

um leyfi kennara til þátttöku í íþróttamótum.

1. gr.

Heimilt er skólastjóra, innan þeirra marka er reglur þessar ákveða, að veita kennurum skólans leyfi frá störfum með launum til þátttöku í íþróttamótum, enda fái þeir ekki greiðslu vegna vinnutaps frá öðrum aðilum. Leyfi þetta takmarkast við þátttöku íslendinga í Olympíuleikum, heimsmeistaramótum og hliðstæðum mótum svo sem Evrópumeistaramótum, Norðurlandameistaramótum og landskeppni.

Frekari skilyrði fyrir leyfisveitingu eru:

- a) Leyfisbeiðandi, kennari eða fyrir hans hönd samband eða sérsamband, verður í samráði við þann er fer með stjórn íþróttamála sveitarfélagsins (íþróttafulltrúa) að tryggja staðgengil, sem skólastjóri samþykkir að annist kennslustörf hans á leyfistímabilinu.
- b) Umsókn um leyfi skal berast skólastjóra minnst tveimur vikum fyrir ráðgerða brottför kennarans til móts. Í umsókninni skal greina frá mótsdögum og tíma og ferðaáætlun.
- c) Leyfið skal bundið við þann tíma er ferðir til og frá mótsstað krefjast og íþróttamótið. Ekki er skólastjóra heimilt að veita kennara leyfi með launum til æfinga eða dvalar í æfingabúðum né til einkaerinda sem ætlað er að fella saman við keppnisferðina. Sé af sérstökum ástæðum óskað eftir rýmkun frá þessum reglum skal sækja um það til menntamálaráðuneytisins með minnst tveggja vikna fyrirvara.
- d) Laun greidd kennara meðan á þátttöku í íþróttamótum stendur miðast við föst starfslaun hans, en aukavinna sem hann á að inna af hendi á sama tíma greiðist honum ekki.

- e) Skólastjóri skal láta umsókn kennara um leyfi skv. b)-lið með árituðu samþykki sínu fylgja með þeirri launaskrá til skólanefndar (sveitarstjórnar) þar sem krafið er um greiðslu til staðgengils kennara vegna leyfis.

2. gr.

Beiðnir um leyfi til þátttöku í keppni innanlands eða utan sem fer fram milli félaga eða héraðssambanda skulu berast skólastjóra tveimur vikum fyrir dagsetningu keppni eða móts. Leyfi skal ekki veita, nema viðkomandi kennari útvegi staðgengil, sem skólastjóri samþykkir og að fyrir liggi skriflegt samþykki kennarans um að hann greiði staðgengli sínum laun og staðgengilsins um að hann fallist á þá tilhögun og muni ekki krefja skólann um laun fyrir þá kennslu sem hann þannig innir af hendi.

3. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn uns öðruvísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 22. desember 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningar- og verðlaunasjóð dr. phil. Jóns Ófeigssonar, yfirkennara, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra 28. desember 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningar- og verðlaunasjóðs dr. phil. Jóns Ófeigssonar yfirkennara.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum lærisveinum og vinum Jóns Ófeigssonar og til minningar um hann. Stofnfé nemur kr. 20 000.00.

2. gr.

Verkefni sjóðsins er að verðlauna bestu prófframmistöður við Menntaskólann í Reykjavík. Til verðlaunanna má verja allt að $\frac{3}{4}$ hlutum af árlegum vöxtum. Minnst $\frac{1}{4}$ hluti ársvaxtanna leggst árlega við sjóðinn til eflingar honum, auk þess sem sjóðurinn veitir móttöku þeim upphæðum, er menn vildu í hann leggja til minningar um Jón Ófeigsson eða til að styðja verkefni sjóðsins eins og skipulagsskráin greinir. Fyrsta veiting úr sjóðnum skal fara fram í sambandi við vorprófin vorið 1948.

3. gr.

Veita skal einungis ein verðlaun úr sjóðnum meðan upphæð sú, er veita má, eigi nemur meiru en kr. 500.00. Skulu þau veitt þeim stúdent, er lýkur hæsta stúdentsprófi frá skólanum vor hvert. Hafi tveir stúdentar eitthvert vor jafnháa aðal-einkunn, skal sá stúdent hljóta verðlaunin, sem hefur hærri einkunn í þýsku, en hafi þeir jafnháa einkunn í þýsku, skiptast verðlaunin milli þeirra.